

Deloitte.

Skattar eða upptaka eigna



Garðar Valdimarsson, Hrl.
10. janúar 2013

Skattar og eignaupptaka

- Skattar eru eignaskerðing eins og eignaupptaka
- Í lagamáli er eignaupptaka leyfileg þegar eignir eru gerðar upptækar sem einskona refsing fyrir framið brot, sbr. 69. gr. alm. hegningarlaga.
- Í þessu innleggi legg ég upp með víðtækari skilgreiningu á eignaupptöku.
- Eignaupptaka er þá skattlagning sem fer í bága við almennt viðurkenndar meginreglur um skattlagningu og stjórnarskrá

Stjórnarskrárákvæði um skatta

- 40. gr. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.
- 65. gr. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti
- 72. gr. Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.
- 77. gr. Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

Mannréttindasáttmáli Evrópu

Sjá lög nr. 62/1994

Samningsviðauki nr. 1 20. mars 1952 um vernd eignarréttar:

- 1. gr.

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar. Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hagar almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

Meginreglur um skattlagningu

- Skattlagning sé í samræmi við gjaldþol skattaðila (ability to pay)
- Skattakerfi verður að vera réttlátt
- Skattakerfi því aðeins réttlátt að skattbyrðunum sé deilt niður á gjaldendur miðað við hæfi þeirra til að greiða skatt



Hæstiréttur í máli 153/2012 (Lán til framkvæmdastjóra/hluthafa)

- S var framkvæmdastjóri og einkaeigandi S ehf. Óumdeilt var að lán félagsins til S á árunum 2005 og 2006, samtals kr. 5,8 milljónir, voru óheimil samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 um hlutafélög. Engir skriflegir lánasamningar voru gerðir, lánin voru ekki vaxtareiknuð og gjalddagi var ekki ákveðinn. Miðað var við stöðu lána í árslok hvers árs.
- S endurgreiddi þessi lán 5. september 2007. Skattstjóri hóf aðgerðir sínar 13. júní 2008 og skattlagði andvirði lánanna sem laun á og var sú niðurstaða staðfest af yfirskattanefnd með vísan til 1. og 4. tl. A – liðs 7. gr. tskl. og lögskýringargagna.
- S taldi, m.a., í meðferð málsins fyrir dómstólum að túlkun skattyfirvalda á tekjuhugtaki 7. gr. tskl. ranga þar sem skuld, sem auk þess hefði verið greidd, geti ekki talist launatekjur og myndað tekjuskattsstofn. Önnur niðurstaða fæli í sér eignaupptöku í andstöðu við 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Héraðsdómur benti á að sá sem greiddi tekjuskatt af andvirði láns sem hann hefði greitt tilbaka hefði ekki hlotið nein verðmæti og þyrfti því að ganga á eignir sínar til greiðslu skattsins. Með því væri brotið gegn stjórnarskrárákvörðuðum eignarrétti hans og féllst héraðsdómur þannig á sjónarmið S.
- Hæstiréttur hafnaði þessari málsástæðu S í vísan til dómaframkvæmdar þar sem löggjafanum hefði verið játað víðtækt vald til að ákveð hvaða atriði skuli ráða skattskyldu. Í þessu sambandi vitnaði rétturinn m.a. í lögskýringargögn frá Alþingi.

Hæstiréttur í máli 153/2012 Lögskýringargögn með lögum nr. 133/2001

Nefndarálit við afgreiðslu málsins á Alþingi:

- „Í skattframkvæmd mun nokkuð hafa borið á slíkum lántökum og tilhneiging virðist hafa verið til **að úthluta fjármunum til eigenda í formi láns án þess að burðir séu í reynd til endurgreiðslu fyrr en skattstjóri gerir athugasemd við hina ólögætu lánveitingu**. Meiri hlutinn leggur því til að **slík lán** verði meðhöndluð í skattalegu tilliti með sama hætti og tíðkast í **skattalöggjöf nágrannalanda**.“



Hæstiréttur í máli 153/2012

Endurgreiðsla lánsins

Hæstiréttur:

- Með vísan til lögskýringagagna er helsta markmiðið „með setningu hinna sérstöku reglna 2. gr. laga 133/2001 að stemma stigu við ólögmætri úthlutun fjár í formi láns úr félögunum eins og hér um ræðir“
- „Eðli máls samkvæmt felur lánveiting ekki í sér varanlega yfirfærslu verðmæta“
- „Af framangreindu er ljóst að ekki var af hálfu löggjafans gert ráð fyrir að endurgreiðsla lána eins og hér um ræðir ætti að hafa áhrif á skattskyldu“

Lögskýringargögn:

- „að úthluta fjármunum til eigenda í formi láns **án þess að burðir séu í reynd til endurgreiðslu fyrr en skattstjóri gerir athugasemd við hina ólögmætu lánveitingu**“

Hæstiréttur í máli 153/2012 Skattalöggjöf nágrannalandanna

Danmörk:

- Mismunurinn á markaðsvöxtum og ákveðnum vöxtum skattlagður
- Ef lánið er ólöglegt er litið á lánsfjárhæðina sem arð hjá móttakanda lánsins og laun ef móttakandinn er sjálfur ekki hluthafi. Síðan segir orðrétt:

„I begge tilfælde kan forholdet dog efterfølgende tilbageføres, ved at laanet tilbagebetales, saaledes som selskabsretten ogsaa kræver.“ (Prófessor Eric Werlauff)

- Það er þannig alveg ljóst samkvæmt dönskum skattareglum að ef lánið er endurgreitt er ekki lengur farið með það sem laun eða arð. Hafi lánið þegar verið skattlagt á gjaldandi kröfu á því að skattframtöl viðkomandi ára verði endurupptekinn og skattlagningin felld niður. (Sami höfundur. Skatt og Erhverv, desember 2012)

Hæstiréttur í máli 153/2012

Skattalöggjöf nágrannalandanna

Noregur:

- Samkvæmt norskum hlutafélagalögum má félagið lána hluthöfum ef það er gert innan ramma þess sem má úthluta sem arði og nægjanleg trygging er sett fyrir endurgreiðslu lánsins.
- Ef enginn lánasamningur er fyrir hendi við útborgun er ekki litið á hana sem lán. Þá mega skattyfirvöld endurskilgreina „lánið“ sem laun eða arð
- „Launin“ verða þá að vera í hlutfalli við vinnuframlag
- Ef „lánið“ hefur verið endurgreitt áður en það er endurskilgreint af skattyfirvöldum sem laun, þá má úthluta samsvarandi fjárhæð síðar án skattlagningar. (Álagningarreglur skattyfirvalda)
- Samkvæmt norskum skattaeglum veitir endurgreiðslan sem sagt samsvarandi skattinneign til leiðréttingar síðar

Skattalöggjöf nágrannalandanna

- Bæði Danmörk og Noregur falla frá skattlagningu ólöglegs láns ef það er endurgreitt
- Í Danmörku skiptir ekki máli hvenær endurgreiðslan fer fram, þ.e. hvort það gerist fyrir eða eftir að skattyfirvöld gera athugasemd.
- Vísað var til skattalöggjafarinnar í báðum þessum löndum við flutning málsins bæði í héraði og í Hæstarétti



Hæstiréttur í máli 153/2012

Forsendur Alþingis og umfjöllun Hæstaréttar

- Nefndarálit þingsins sýnir að þingið vildi fyrst og fremst setja reglur um lán til hluthafa sem ekki höfðu verið endurgreidd fyrir athugasemd skattstjóra, þ.e. að endurgreiðsla hefði þýðingu.
- Hæstiréttur fjallar ekkert um endurgreiðslu S á láninu en segir lán er lán
- Nefndarálit þingsins vill fá skattareglur sem eru sambærilegar því sem tíðkast í nágrannalöndunum.
- Í Danmörku er tekjufærsla lánsins hjá hluthafa eða framkvæmdastjóra færð til baka við endurgreiðslu lánsins, þ. e. skattlagningin er leiðrétt.
- Í Noregi má endurskilgreina lánið sem arð eða laun, en hafi það verið greitt til baka skapar það rétt til skattfrjálsrar úthlutunar síðar, þ.e. skattlagningin er leiðrétt síðar.
- Hæstiréttur fjallar ekkert um þessa framkvæmd á Norðurlöndunum enda þótt hann vitni sérstaklega til lögskýringarreglna við skýringu ákvæðisins

Hæstiréttur í máli 153/2012

Tekjuhugtak tekjuskattslaga

- 7. gr. tskl. gengur út frá því að til þess að um skattskyldar tekjur geti verið að ræða þurfi einhver **gæði** eða hagræði að hafa **hlotnast** skattaðila
- Með hliðsjón af 28. gr. tskl. er **eignaraukning** skattaðila ein af mikilvægustu forsendum tekjuskilgreiningar laganna
- Það þarf ekki að rökstyðja það sérstaklega að lánið sjálft er ekki gæði sem falla í skaut skattaðila né hefur það í för með sér eignaraukningu hans
- Hagræði af vaxtakjörum láns er hins vegar heimilt að skattleggja, sbr. t.d. skattmat RSK í staðgreiðslu 2013, kafla 2.10 (6,75% jan 2013)
- Það er andstætt tekjuhugtaki skattalaga að gera refsiverð lán að tekjuskattsstofni, sbr. Hæstaréttardómur í máli 211/1985
- 4. tl. A-liðs 7. gr. tskl um skattskyldu lána er því í ósamræmi við tekjuhugtak skattalaga eins og það hefur verið skilið hingað til

Hæstiréttur í máli 153/2012

Ræður Alþingi því hvað er gert að andlagi skattlagningar?

- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 153/2012 svarar þeirri spurningu játandi, að því tilskildu að ákvörðun þingsins sé skýr og gætt sé almenns efnislegs mælikvarða. Hér er væntanlega átt við að skattstofn sé skýr og ljóst til hvaða hóps skatturinn nær.
- Helstu röksemdir Hæstaréttar eru þau „að í dómaframkvæmd hefur löggjafanum verið jafnað viðtækt vald til að ákveða hvaða atriði skuli ráða skattskyldu“
- Hefur Hæstiréttur þá aldrei takmarkað lagasetningarvald Alþingis í skattamálum?
- Hvaða takmarkanir eru á lagasetningarvaldi þjóðþinga í skattamálum?

Dæmi um dóma sem hafa talið lagasetningu Alþings ósamrýmanlega stjórnarskránni

- Hæstaréttarmál 499/2002 Reglur um afnám fjárfestingarfrádráttar ósamrýmanlegar 2. mgr. 77. gr. sem banna afturvirkni skattalaga.
- Hæstaréttarmál 133 og 134/1984 um skattlagningu utansveitarmanna af veiðihlunnindum ósamrýmanlegar grunnreglu 67. gr. (sbr. nú 72. gr.) um jafnræði milli gjaldenda.
- Hæstaréttarmál 116/1958 um að skattreglur sem meta hlutabréfaeign yfir sannvirði, samrýmdust ekki 67. gr. (Reifaður síðar)
- Hæstaréttarmál 129/1959 um að það stríddi gegn grunnreglu 67. gr. að gera lögmæta eign eins aðila að skattandlagi við ákvörðun skatts annars aðila. Og einnig vikið til hliðar þeirri reglu sem mat fasteignir hærra verði en nam kaupverði þeirra á markaði.

Hugleiðingar í tilefni af dómi Hæstaréttar í máli 153/2012

- Fallast verður á það með Héraðsdómi að þegar tekjuskattur er lagður á ólögleg lán skattaðila sem hann hefur þegar greitt þá stríði slík skattlagning gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti hans, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Meðan lögbundinn endurgreiðsluskylda hvílir á lántakanda skiptir þá máli hvort lánið er greitt eða ekki varðandi það hvort skattlagning þess fari í bága við stjórnarskrá?
- Tekjuskattlagning fyrirbrigða sem ekki fela í sér raunverulegar tekjur er væntanlega andstæð stjórnarskrá



Auðlegðarskattur Saga

Úr sögu eignarskatts:

- Tíund á þjóðveldisöld (1% eignarskattur)
- Eignarskattur lögleiddur með l. nr. 74/1921 (0,1% til 0,7%)
- Stóreignaskattur með lögum 22/1950 (10 til 25% greiddur á 20 árum/raun 0,5 til 1,25%)
- Stóreignaskattur með lögum, 44/1957 (15 til 25% greiddur á 10 árum/raun 1,5 til 2,5%)
- Eignarskattur afnuminn frá árinu 2005 (0,6% á menn og lögaðila)
- Auðlegðarskattur innleiddur með l. nr. 128/2009 (1,25% til 2%)

Auðlegðarskattur

Viðbótarauðlegðarskattur

- Lagður á 2010 – 2014 á hreina eign manna yfir háum fríeignarmörkum (75m) fyrst með 1,25 til 1,5% skatthlutfalli en síðan stighækkandi 1,5 til 2%.
- Til viðbótar auðlegðarskattinum er lagður viðbótarauðlegðarskattur á árunum 2011 - 2014 á mismuninn á annars vegar nafnvirði og hins vegar markaðsvirði eða hlutdeild í skattalega bókfærðu verði hlutabréfaeignar í árslok.

Auðlegðarskattur Greinargerð

Úr greinargerð með frumvarpi:

- Vísað í bankahrúnið 2008
- Þeir sem hafa safnað miklum eignum á undanförunum árum hafi notið lágra skatta á fjármagnstekjur.
- Við mat hlutabréfa skyldi tekið mið af raunverulegu verði þeirra



Auðlegðarskattur

Annamarkar

1. Skattmatsreglur laganna varðandi verðmæti hlutabréfa taka ekki mið af sannvirði þeirra
2. Við ákvörðun skattstofns er vísað til „skattalegs bókfærðs eigin fjár“ sem er hugtak sem finnst ekki lengur í skattalögum
3. Eign eins aðila (lögaðila) verður ekki gerð að skattandlagi hjá öðrum aðila (hluthafa)
4. Mismunun í skattlagningu eigenda innlendra og erlendra hlutafélaga
5. Eignarskattlagning einungis á hluthafa sem eiga verðmiklar aðrar eignir
6. Mismunun í fríeignarmörkum hjóna og einstaklinga 50m/75m
7. Ítrekuð skattlagning auðlegðarskatts ásamt fjármagnstekjuskatti á neikvæðar fjármagnstekjur felur í sér eignaupptöku
8. Byrðinni af auðlegðarskattinum jafnað á of fáa án málefnanlegra raka

Auðlegðarskattur/Samanburður við stóreignaskattinn Innra virði hlutafélags

1. mgr. 4. gr. L. Nr. 44/1957:

- **Hreinum eignum félaga**, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutfjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu.

Úr 2. mgr. B-liðs ákvæðis til bráðabirgða XXXIII:

- Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðar-skattsstofns hlutdeild sína í **skattalegu bókfærðu eigin fé** félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins skv. 1. mgr. þessa stafliðar.

Hæstiréttur í máli 116/1958

Stóreignaskattur

Í héraðsdómi sagði orðrétt:

- „Af verðmætisreglu 1. mgr. 4. gr. laganna leiðir hins vegar það, að **eignir aðila, sem ekki er skattskyldur**, þ.e.a.s. hlutafélags, eru gerðar að beinum mælikvarða á verðmæti þeirra réttinda, sem hlutafjäreignin skapar hluthafanum, eins og um hreina eignarhlutdeild í sameignarfélagi væri að ræða. **Nú þarf sannvirði hlutabréfs engan veginn að standa í réttu hlutfalli við nafnverð þess og hreina eigna hlutafélagsins. Það koma ýmis önnur sjónarmið til greina, svo sem arðgreiðsla, rekstur félagsins, lög þess og landslög. Má þar m.a. benda á ákvæði 7. gr. laga nr. 46/1954 um skattgreiðslur hluthafa við félagsslit.** Geta ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1957 þannig leitt til þess, að skattmat á hlutabréfum verði miklum mun hærra en sannvirði þeirra nemur. Slík skattaregla fær samkvæmt grundvallarreglum laga eigi staðizt.“
- Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn og sagði að reglur 1. mgr. 4. gr. um skattmat á eign hluthafa í hlutafélagi samrýmdust ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar (nú 72. gr.)

Standast auðlegðarskattslögin stjórnarskrána?

- Hæstiréttur hefur verið tregur til að telja skattalög í heild sinni andstæð stjórnarskrá
- Í stóreignaskattsmáli 116/1958 taldi Hæstiréttur að 25% eignarskattur, sem mátti greiða á 10 árum og var því í raun 2,5% skattur, teldist ekki það hár að jafnaðist á við eignaupptöku. Þó varðaði Hæstiréttur við því að slíkur skattur væri ítrekað lagður á eignir manna með stuttu millibili, en það gæti farið í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.
- Þar sem ákveðin lína liggur fyrir frá Hæstarétti í máli 116/1958 um skattlagningu hlutabréfaeignar er eðlilegt að Hæstiréttur telji sig bundinn af því fordæmi, þannig að líklegt er að viðbótarauðlegðarskatturinn teldist fara í bága við 72. grein stjórnarskrárinnar.
- Við endurskoðun stjórnarskrárinnar með lögum 97/1995 var sérstaklega tekið fram að dómur um 67. gr. um eignarrétt skyldu gilda við túlkun á 72. greininni um sama efni.



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication is for internal distribution and use only among personnel of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, and their related entities (collectively, the "Deloitte Network"). None of the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.

© 2013 Deloitte Global Services Limited